svarað 18/3 59 vide ad calcem.

Ytriey, 15. Febr. 1859.

Elskulegi vinur!

Kærlega þakka eg þér fyrir bréfið þitt 8. Nóvbr síðstl. rímu og allt annað elskulegt. Eg er nú farinn að draga nokkuð saman af því sem þú baðst mig um og hefi fengið nokkur kvæði eptir Guðm. Bergþórsson og fl. Og þó þau séu nú að efninu til ekki eginl. mikið lútandi að föðurlandi voru, þá eru þau þó ekki fjarri því að öllu, þar þau eru þó eptir Guðm. Bergþórs. og hann var íslenzkur og skáld landsins á sinni tíð og þetta liggur eptir hann og ber með hugsunarhátt og orðatiltæki, samanborið við þá tíð, er hann lifði á, og eg vona að geta hjálpað þér um afskriftir af fl. kvæðum eptir aðra ýmislegs efnis og svo kannske fleira, þó eg geti ei komið þessu af höndum í bráð sökum annríkis, með því eg verð nú líka ofan á allt annað að sitja við að rita sögur og aðra fornfræði handa Maurer. Talað hefi eg við M. Jl. Pálsson um miðin á Húnaflóa, og hefi eg góða von um að geta grafið nokkuð á honum í því efni; lézt hann ætla að fara rifja upp fyrir sér ýmislegt þar að lútandi og svo um Þorb. Kolkan, og þykist hann vita nokkuð betr